

# Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar

Fundargerð

Verknr. 1156

3. fundur svæðisskipulagsnefndar – skjáfundur

Miðvikudaginn 1. júní 2016, kl. 16:30-18:15

2.6.2016

**Fundarefni:** Verkefnislýsing, tímarás og starfsreglur.

**Fundarmenn:** Á skrifstofu Reykhólahrepps: Karl Kristjánsson, Halla Steinólfsdóttir og Áslaug Guttormsdóttir. Á skrifstofu Dalabyggðar: Sveinn Pálsson og Hörður Hjartarson. Á skrifstofu Strandabyggðar: Andrea K. Jónsdóttir, Ingibjörg Emilsdóttir og Haraldur V.A. Jónsson.

**Ráðgjafar Alta:** Matthildur Kr. Elmarsdóttir og Herborg Árnadóttir á skrifstofu Alta í Reykjavík.

**Fundarstjóri:** Matthildur Kr. Elmarsdóttir.

**Fundarritari:** Herborg Árnadóttir. Yfirfarið af Matthildi Kr. Elmarsdóttur.

**Dagskrá:**

1. Verkefnislýsing.
2. Tímarás verkefnisins.
3. Starfsreglur svæðisskipulagsnefndar.
4. Önnur mál.

## 1. Verkefnislýsing

*Kynning og umræður:* Drög að verkefnislýsingu, sem er unnin í samræmi við ákvæði 23. gr. skipulagslaga voru til umfjöllunar á fundi nefndarinnar 4. apríl og kynnt á opnum íbúafundi í Tjarnarlundi í Saurbæ þann 26. apríl. Lokadrög að verkefnislýsingu voru síðan send til svæðisskipulagsnefndar 23. maí sl. og kynnti Matthildur þau á fundinum. Nefndarfulltrúar bentu á nokkur atriði sem lagfæra mætti í tillögunni s.s. á lista yfir umsagnaraðila og fólu skipulagsráðgjafa að gera þær. Lagfært eintak fylgir þessari fundargerð.

*Afgreiðsla svæðisskipulagsnefndar:* Með vísan í 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkir svæðisskipulagsnefnd að leita umsagnar Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila um verkefnislýsinguna, kynna hana fyrir almenningi og leita samþykkis sveitarfélaganna þriggja. Auglýsing um lýsinguna verði birt í blaðinu Vestfirðir og Vesturlandsblaðinu en hvorutveggja eru dreift á öll heimili á svæðinu. Auglýsing ásamt verkefnislýsingu verður einnig birt á vefjum sveitarfélaganna og á vef og Facebook-síðu verkefnisins. Þá mun útprentað eintak liggja frammi á skrifstofum sveitarfélaganna. Gert verði ráð fyrir 4 vikna fresti til að senda inn ábendingar eða athugasemdir við lýsinguna. Ráðgjöfum var falið að undirbúa auglýsingu og kynningu lýsingarinnar.

## 2. Tímarás verkefnisins

*Kynning og umræður:* Matthildur kynnti uppfærða útgáfu af tímarás verkefnisins. Í sumar munu skipulagsráðgjafar sinna greiningarvinnu sem verður upplegg að samráði við vinnuhóp/íbúa í lok sumars. Þar með talin er úrvinnsla úr gögnum frá samráðsfundinum sem haldinn var þann 26. apríl sl. Mögulegar dagsetningar fyrir annan samráðsfund síðsumars og í haust voru ræddar.

*Afgreiðsla svæðisskipulagsnefndar:* Ákveðið að 4. fundur svæðisskipulagsnefndar verði 24. ágúst og samráðsfundur með íbúum/vinnuhópi þann 31. ágúst. Ráðgjöfum var falið að uppfæra tímarás m.v. þær dagsetningar og gera ráð fyrir fundi í Reykjavík í byrjun september með ungu fólki af svæðinu. Svo lagfært skjal fylgir þessari fundargerð en gera þarf ráð fyrir að áætlaðar dagsetningar í næsta haust og vetur geti færst til 1-2 vikur til eða frá.

### **3. Starfsreglur svæðisskipulagsnefndar**

*Kynning og umræður:* Umsögn Skipulagsstofnunar um starfsreglur svæðisskipulagsnefndar, sbr. 4. mgr. 9. gr. skipulagslaga, barst formanni nefndarinnar með bréfi dags. 27. maí sl. Þar er bent á að eðlilegt sé að í reglunum komi fram að nefndin taki mið af markmiðum landsskipulagsstefnu sem tók gildi í mars 2016.

*Afgreiðsla svæðisskipulagsnefndar:* Með vísan í 4. mgr. 9. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkir svæðisskipulagsnefndir starfsreglurnar verði auglýstar í B-deild Stjórnartíðinda að gerðum lagfæringum í samræmi við umsögn Skipulagsstofnunar. Lagfært skjal fylgir þessari fundargerð.

### **4. Önnur mál**

*Kynning og umræður:* Kynnt var að sveitarstjóri Reykhólahrepps fékk tölvupóst frá Skipulagsstofnun 18. maí sl. þar sem óskað var eftir afriti af samningi svæðisskipulagsnefndar við ráðgjafa áður en erindi sveitarfélaganna um kostnaðarframlag úr Skipulagssjóði yrði afgreitt. Einnig baðst Skipulagsstofnun velvirðingar á þeirri seinkun sem orðin er á að afgreiða erindið.

*Afgreiðsla svæðisskipulagsnefndar:* Reykhólahreppur mun sjá um að senda umbeðin gögn til Skipulagsstofnunar. Bréfaskrifum til nefndarinnar verði hér eftir beint til formanns nefndarinnar.

**Fundi slitið 18.15**